

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumanns- ins í Skagafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.

43
4. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 23. f. m., og beiðni hreppsnefndar Viðvíkurhrepps, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Viðvík að Læk, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja stað hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGJÖRÐ

44
20. mars

um

breyting á reglugjörð fyrir Strandasýslu, um refaeyðingar og tófueldi, frá 9. ágúst 1920.

1. gr.

3. málsg. 3. gr. orðist þannig:

Alla yrðlinga, sem skotmaður nær á greni, á hann að hálfu til móts við hlutaðeigandi hreppsfljag, og afhendir hann þá hreppsnefnd þar, þegar að grenavinslu lokinni. Heimilt er honum að selja tófueldismönnum yrðlingana að sínum hluta, eða ala þá sjálfur samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar þessarar. Standi tala yrðlinga á stöku, skal skift andvirði hins staka dýrs milli aðilja, þegar eftir að sala hefir farið fram.

4. málsg. sömu greinar orðist þannig:

Náist yrðlingar, einn eða fleiri, á grenjum eða á víðavangi, þar sem skotmaður er frá genginn, skal fara með þá eftir sömu reglu og greinir í næstu málsgrein hjer á undan.

2. gr.

Ákvæði 4. gr. um eitrun á grenjum falli burt.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. apríl 1925.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. mars 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.